

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Hálsar, Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Áður aðgreind svæði fyrir frístundabyggð annars vegar og útivist hins vegar sam- einast. Útivistarsvæðið breytist að hluta til í landbúnaðarsvæði en rennur að öðru leyti inn í þrjú frístundabyggðarsvæði sem hvert um sig skal hafa a.m.k. 25% svæða opin og óbyggð. Frístundabyggðarsvæðið verður í heild 113 ha.
- Fyrirhugað 6 ha iðnaðarsvæði breytist í íbúðarsvæði.
- Afmarkað er 2 ha íbúðarsvæði vestan við núverandi íbúðarhús að Hálsunum.
- Lögun og staðsetning golfvallar breytist lítillega en stærð hans er óbreytt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 6. nóvember 2006.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*